

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2018

2020/EES/6/31

frá 23. mars 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/480 frá 1. apríl 2016 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1440 frá 8. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 fellir úr gildi, frá og með 30. janúar 2019, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1213/2010 ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 30. janúar 2019.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 19ac (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/403):

„19ad. **32016 R 0480**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/480 frá 1. apríl 2016 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010 (Stjttð. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 4), eins og henni var breytt með:

– **32017 R 1440**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1440 frá 8. ágúst 2017 (Stjttð. ESB L 206, 9.8.2017, bls. 3).“

2. Texti liðar 19ab (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1213/2010) fellur brott frá og með 30. janúar 2019.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/480 og (ESB) 2017/1440, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 4.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 206, 9.8.2017, bls. 3.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.